



Samtal um sorg og missi

í Hveragerðiskirkju fimmtudagskvöldið
6. mars kl. 20:00.

Jóhanna María Eyjólfsdóttir frá Sorgarmiðstöðinni flytur fyrirlestur um viðbrögð, tilfinningar og bjargráð í sorg og missi.

Sóknirnar í Hveragerðis- og Þorlákshafnarprestakölum standa sameiginlega að fræðslukvöldinu.

Öll hjartanlega velkomin

**Sóknarnefndir og sóknarprestar
í Hveragerðis- og Þorlákshafnarprestaköllum**

Rangárþing eystra ÚTBOÐ



Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í :
„Stóragerði 2025“

Verkið felur í sér að jarðvegsskipta götu, endurnýja fráveitu, hitaveitu, ídráttarör, ljósastauralagnir og ljósastaura og mögulega heimæðar vatnsveitu. Einnig skal endurnýja lagnir Mílu og RA-RIK. Verktaki skal malbika götu, steypa kantsteina og malbika gangstéttar. Einnig skal helluleggja hraðahindranir, gera niðurtæktir með doppuhellum og leiðarlínurhellum fyrir gangandi umferð. Að lokum skal setja upp umferðamerki.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	9000 m ³
Fylling	8300 m ³
Malbik	5700 m ²
Fráveita	1415 m
Hitaveita	1410 m

Verkinu er skipt upp í 2 áfanga.

- Áfangi 1 er frá Vallarbraut fram yfir Litlagerði og felur í sér endurnýjun allra lagna og malbikun götu, allt nema kantstein og gangstétt. Áfanga 1. skal lokið fyrir 25. ágúst 2025.
- Áfangi 2 felur í sér endurnýjun allra lagna frá Litlagerði að Nýbýlavegi og malbikun götu, allt nema kantstein og gangstétt. Áfanga 2. skal lokið 15. nóvember 2025.
- Áfangi 3 felur í sér lokafrágang á allri götunni.

Verktaki skal ljúka við lagningu fráveitu og vatnsveitu frá Vallarbraut fram yfir Litlagerði, ásamt öllum malarfyllingum (áfangi 1) áður en heimilt er að byrja á fráveitu og vatnsveitu frá Litlagerði að Nýbýlavegi (áfangi 2).
Verkinu skal að fullu lokið 1. júní 2026.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 24. febrúar 2025. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð Árnason hjá Eflu Selfossi, með tölvupósti á netfangið bardur.arnason@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvalsöllum fyrir **kl. 11.00 miðvikudaginn 12. mars 2025** og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þóra Björg Ragnarsdóttir
Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

Foreldrafélög sýna kennurum stuðning

Foreldrafélög Grunnskólans í Þorlákshöfn og Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri hafa sent frá sér yfirlýsingu til stuðnings kennara í yfirstandandi kjaraviðræðum.

„Við teljum mikilvægt að kennarar fái sanngjörn kjör sem endurspeglar það mikilvæga starf sem þeir sinna við að mennta og styðja börnin okkar í námi og þroska. Jafnframt leggjum við áherslu á að sýna kennurum virðingu og meta starf þeirra að verðleikum. Öruggt og gott starfsumhverfi fyrir kennara skilar sér beint í betri skóla og aukinni velferð nemenda,“ segir í yfirlýsingu foreldrafélags Þorlákshafnar.

„Við gerum okkur grein fyrir að kjaradeilur og verkfallsaðgerðir geta haft áhrif á skólastarf og nemendur, sérstaklega þá sem eru í viðkvæmri stöðu. Því vonumst við til að lausn finnist sem fyrst og hvetjum alla aðila til að leggja sig fram um að ná farsælli niðurstöðu,“ segir einnig í yfirlýsingu.

„Að lokum viljum við hvetja foreldra og forráðamenn til að ræða málið af yfirvegun og virðingu. Við hvetjum alla til að ræða málið á uppbyggilegan hátt og forðast að tala illa um kjara-baráttuna eða kennara barnanna okkar.“

Stjórn foreldrafélags Barna-

skólans á Eyrarbakka og Stokkseyri lýsir einnig yfir eindregnum stuðningi við kennara í baráttunni um betri og réttlátari kjör.

„Sjaldan hefur verið eins mikilvægt að kennarar fái sanngjörn laun og kjör þar sem þeir gegna lykilhlutverki í menntun barna okkar. Laun og kjör kennara eiga að endurspeglar þá ábyrgð sem fylgir starfi og þá miklu menntun sem liggur að baki hvers kennara. Það að enn sé ekki búið að semja við kennara fimm mánuðum eftir upphaf kjaraviðræðna er með hæsta máta óeðlilegt og ósanngjarnt. Líka í ljósi þess að skrifað var undir samning um jöfnun launa milli markaða árið 2016,“ segir í yfirlýsingu félagsins.

Foreldrafélagið segir kennara gegna ómetanlegu hlutverki í samfélaginu. Þeir séu undirstaða menntakerfisins og hafi áhrif á komandi kynslóðir. Að með þekkingu sinni, fagmennsku og skuldbindingu stuðli kennarar að þroska, vexti og árangri nemenda sinna.

„Mikilvægt er að kennarar fái þá virðingu sem þeir eiga skilið fyrir þær áskoranir sem þeir takast á við á hverjum degi. Við gerum okkur grein fyrir að kennarar vinna oft langt umfram hefðbundinn vinnutíma, undir miklu álagi og með sí-

fellit auknar kröfur án þess að það endurspeglar í kjörum eða starfsumhverfi þeirra. Þeir vinna óteljandi klukkustundir við að undirbúa kennslustundir, veita stuðning og leiðbeina nemendum sínum.“

Í yfirlýsinguinni segir einnig að virðing fyrir kennurum feli í sér að viðurkenna mikilvægi þeirra í mótun framtíðarinnar. Það felur í sér að meta þeirra framlag, styðja þá í starfi sínu og tryggja að þeir hafi aðgang að þeirri aðstöðu og tækjum sem þeir þurfa til að sinna störfum sínum af kostgæfni. „Kennarar eru meira en bara miðlarar þekkingar – þeir eru leiðtogar, fyrirmyndir og innblástur fyrir nemendum sína.“

„Með því að viðurkenna mikilvægi kennara okkar og styðja þá, getum við stuðlað að betri menntun og bjartari framtíð fyrir alla.“

„Við viljum þakka kennurum okkar fyrir ómetanlegt starf í þágu barna okkur og viljum koma því á framfæri að við stöndum með kennurum í þessari löngu, erfiðu og oft ósanngjörnu baráttu og hvetjum því ríki og sveitarfélög til að ganga til samninga við kennara og viðurkenna mikilvægi þeirra,“ segir foreldrafélagið að lokum.



Ný lögreglustöð opnuð í Vík í Mýrdal

Umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi er viðfeðmasta lögreglumdæmi landsins og þar eru starfræktar fimm starfsstöðvar; á Selfossi, Hvalsöllum, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri og á Höfn í Hornafirði. Í Vík hefur lögreglan haft starfsaðstöðu í tveimur skrifstofurýmum í húsnæði sýslumannsins á Suðurlandi við Ránarbraut 1.

Nú hefur jarðhæð hússins að Ránarbraut, sem áður hýsti Arion banka, verið gerð upp og þar hefur nú verið byggð nútímaleg lögreglustöð sem mun þjóna starfsemi.

„Ný lögreglustöð í Vík í Mýrdal er mikilvægur liður í því að efla starfsemi á miðsvæði embættisins. Samfélagið í Vík og nærsveitum hefur farið ört stækkandi, mikill fjöldi ferðamanna fer þar í gegn og við verðum að vera við öllu viðbúin þegar kemur að kröftugri náttúru á þessu svæði. Í

nýrri lögreglustöð felast mikil sóknarfæri, þar er aðstaða fyrir lögreglumenn til að dvelja þar en það mun auðvelda okkur að tryggja mönnun á svæðinu. Þá mun fundaraðstaða og afgreiðsla gera okkur kleift að nýta stöðina fyrir fjölbreyttari verkefni en okkur hefur gefist kostur á hingað til.“ segir Grímur Hergeirsson, lögreglu-

stjóri á Suðurlandi.

Nýlega var bætt við stöðu aðalvarðstjóra í Vík. Sú ráðstöfun leiðir m.a. til bættrar þjónustu við almenning en fastur opnunartími afgreiðslu verður mánudaga til miðvikudaga frá 09:00 - 15:00. Á öðrum tímum verður áfram hægt að nálgast vaktahafandi lögreglu á svæðinu.



ÁRSFUNDUR 2025

Sterk framtíð á stoðum fortíðar

-  Silfurbergi, Hörpu
-  Þriðjudaginn 4. mars
-  14:00

ÁVÖRP

-  Jón Björn Hákonarson
stjórnarformaður
-  Daði Már Kristófersson
fjármálaráðherra

ERINDI

-  **Ábyrgð á auðlind þjóðar**
Hörður Arnarson
forstjóri
-  **Forsjálni til framtíðar**
Jóna Bjarnadóttir
frkvstj. Samfélags og umhverfis
-  **Enginn venjulegur raforkumarkaður**
Tinna Traustadóttir
frkvstj. Sölu og þjónustu

PALLBORÐ

-  Jóhann Páll Jóhannsson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Hörður Arnarson
forstjóri Landsvirkjunar
Gestur Pétursson
forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar
Guðrún Halla Finnsdóttir
frkvstj. Viðskiptaþróunar, Norðurál

Fundarstjóri er Þóra Arnórsdóttir
forstöðumaður Samskipta

Hannyrðahornið

Lottuhúfa

Uppskrift:
Bobbýjardætur / bobby.is

Stærðartafla

Athugið að höfuð fólks eru misstór og því gott að taka mál áður en hafist er handa.

Stærðir	6 mán. - 2 ára	2-10 ára	Fullorðins
Höfuðmál	40-50 cm	46-50 cm	53-60 cm
Lengd í cm að úrtöku	22-25 cm	25-28 cm	31-34 cm

Garn

Trend Merino eða það garn sem hentar þrjónfestunni. Garnið fæst hjá Bobbý Hveragerði og bobby.is

Stærðir	6 mán. - 2 ára	2-10 ára	Fullorðins
Garnmagn	50 gr.	100 gr.	100-150 gr.

Þrjónfesta er 20 lykkjur á 10 cm í sléttu þrjóni á 4 mm þrjóna

Það sem þarf

Hringþrjóna 4 mm, 40 cm.
Sokkþrjóna /crazy trio 4 mm.
Stoppunál til að ganga frá endum.

Tækniupplýsingar

Húfan er þrjónuð í hring, tvær sléttar lykkjur og tvær brugðnar lykkjur

Uppskrift

Fitjið laust upp, 88 – 100 – 112 lykkjur á 4 mm þrjóna og þrjón-

id tvær lykkjur slétt og tvær lykkjur brugðið út umferð, setið þrjónamerki við upphaf svo þið vitið hvar umferð byrjar og endar.

Þrjónið húfuna þar til að verkið mælist 22 – 25 cm - 25 – 28 cm - 31 – 34 cm.

ATH! Gert er ráð fyrir uppabroti á

þessari húfu ca 7 – 9 cm, ef því er sleppt má stytta cm á stykkinu um þá cm 2 / 2 | www.bobby.is

Úrtaka

- Úrtaka, “þrjónið 2 lykkjur slétt, þrjónið næstu 2 lykkjur brugðnar saman, (verður 1 lykkja)”.
- Prjónið áfram eins og sagt er innan gæsalappanna (“...”).
- Prjónið fjórar umferðir án úrtöku, 2 lykkjur slétt 1 lykkja brugðin.
- Úrtaka “þrjónið 2 lykkjur slétt saman (verður 1 lykkja) þrjónið 1 lykkju brugðið”.
- Prjónið áfram út umferðina eins og sagt er innan gæsalappa (“...”).
- Prjónið tvær umferðir án úttöku.
- Úrtaka, þrjónið tvær lykkjur saman alla umferðina.
- Prjónið eina umferð slétt, slítið frá, hafið ca 15 cm spotta til að loka húfunni.



BOBBÝJARDÆTUR

Breiðumörk 13, Hveragerði - Sími 774 2324
info@bobby.is - www.bobby.is

Sigurður Eyjólfur er Grasrótarpersóna KSÍ 2024

Knattspyrnu-samband Íslands veitir árlega Grasrótarverðlaun KSÍ í tengslum við ársþing sambandsins. Þeim er skipt upp í þrjá flokka: Grasrótarverkefni ársins, Grasrótarfélag ársins og Grasrótarpersóna ársins.

Grasrótarpersóna ársins 2024 er Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson. Hann hlýtur nafnbótina fyrir íþróttastarf á Kirkjubæjarklaustri.

Í umsögn um tilnefningu segir m.a.: „Sigurður Eyjólfur Sig-

urjónsson íþróttar- og æskulýðsfulltrúi Skaftárhrepps hefur sýnt af sér ómældan dugnað, ástríðu og útsjónarsemi þegar kemur að

uppbyggingu á íþróttaaðstöðu og auknum möguleikum ungs fólks til íþróttaiðkunar á Kirkjubæjarklaustri, þ.m.t. fótbolta.“



Gáta vikunnar

Hann í þorskhaus alltaf á sitt bú,
einn í plús, með skóflu moka þú,
hann er spendýr herra minn og frú,
hann er undirföfull, gettu nú.

Svar við gátu í blaði 2790: REFUR
1. Bein í þorskhaus - 2. G-refur



Visnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR



Sunnlenski matgæðingurinn



Pastaréttur frá grunni

Markús Árni Vernharðsson er matgæðingur vikunnar.



Ég þakka Stjána fyrir tilnefninguna ekki síður en fyrir uppskriftina, jú, og Ingva frænda hans sömuleiðis fyrir glæsilega uppskrift. Ég elska að gera ítalskan mat og sérstaklega pasta. Þar sem ég elska líka að flækja hlutina í eldhúsinu þá er nær allt pasta gert frá grunni á mínu heimili. Þegar maður kemst á lagið með það er það lítið mál og miklu betra en annað pasta. Þeir sem vilja prófa sig áfram geta notað YouTube en ég nota fylgihluti af KitchenAid við að gera mitt pasta. Uppskriftin tekur mið af því að pasta sé ferskt en auðvitað er í lagi að nota harðar pastaplötur sem voru framleiddar nokkrum mánuðum eða árum fyrir – en ég ábyrgist þó ekki að eldunartíminn sé réttur. Uppskriftin ætti að duga fyrir 8 manns.

Innihald

- 2 gulrætur
- 2 selleristangir
- 1 laukur
- 500 g nautahakk
- 500 g grísahakk
- 1 pk guanziale (svínakinn) frá vini mínum Tariello í Þykkvabæ
- 200 ml þurrt hvítvín (ég hef líka notað hvítvinsedik frá Ólífa - 100 ml vatn/100 ml edik)
- 750 ml passata (fæst í Krónunni)
- Nautasoð
- Lárviðarlauf
- Smjör
- Kornax hveiti
- Egg
- 300 g Typo 00 hveiti
- 1L mjólk
- Parmesan ostur
- Múskat (fæst ferskt í Kjötbúrinu)

Skerið grænmetið afar smátt og steikið með smjöri eða ólífuolíu á pönnu við meðalhita í 5 mínútur.

Skerið svínakinnina í smáa bita og steikið ásamt hakkinu á pönnu þar til það er orðið brúnt

Bætið víninu við og leyfið blöndunni að malla þar til vínandinn er gufaður upp. Bætið næst við nautasoði, passata, lárviðarlaufi og salti og pipar eftir smekk. Leyfið blöndunni

að malla á lágum hita þar til blandan er orðin nokkuð þykk, ca. 1-2 klst.

Gerið pastadeig úr eggjum og Typo 00 hveiti. Eitt viðmið er að á móti 100 g af hveiti fari 1 egg en ég hef betri reynslu af því að vigta eggin og miða við 70 g egg á móti 100 g hveiti, samtals 210 g af eggjum. Mæli með að nota einungis eggja-rauður séu þær til á heimilinu.

Þegar kjötblandan fer að taka á sig rétta mynd er tímaþætt að gera bechamel-sósuna. 100 g smjör eru brædd í potti, potturinn tekinn af hellunni og 50 g Kornax-hveiti hrært saman við. Bætið mjólkinni við í litlum skömmtum og hrærið. Færið pottinn aftur á helluna á meðal til háum hita og hrærið stanslaust þar til sósan fer að malla. Lækkið þá hitann, bætið við salti, dass af parmesan osti og múskati. Ef þið eigið enda af parmesan osti má nýta hann í sósuna. Setjið lok á og leyfið sósunni að taka sig í 20 mínútur.

Að lokum er hráefnunum blandað saman í eldfast mót. Penslið mótið og setjið ferskar pastaplötur á botninn, næst kjötblöndu, því næst bechamel-sósu og smá smjörklípu. Endurtakið þar til eldfasta mótið er fullt – setjið vænan skammt af parmesan osti á toppinn.

Bakið í ofni við 200°C í 30 mínútur. Berið fram með hvítlauksbrauði og góðu rauðvíni.



Það er langt síðan ég var í mat hjá vinkonu minni Sigríði Guðlaugu Björnsdóttur og skora ég því á hana að koma með næstu uppskrift.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvín Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X





SUMARSTÖRF — RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Viltu vinna í skemmtilegu og nærandi umhverfi?

Rafiðnaðarsamband Íslands á og rekur orlofssvæði fyrir félagsfólk sitt á Skógarnesi við Apavatn og í Miðdal sem er 10 km austur af Laugarvatni. Á báðum stöðum er um að ræða orlofshúabyggð með tjaldsvæðum. Nú vantar okkur starfsmann til að sjá um slátt og umhirðu á orlofssvæðunum. Við leitum að jákvæðum, þjónustulundduðum og drífandi starfsmanni.

Ráðningartími er frá seinnihluta maí til ágústloka.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Sláttur og umhirða á orlofssvæðunum
- Létt viðhald í samstarfi við yfirmann

Hæfniskröfur

- Samviskusemi og áreiðanleiki
- Snyrtimennska og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptafærni
- Bílpróf skilyrði
- Vinnuvélapróf
- Hreint sakavottorð
- Skilyrði er að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Sigrún Sigurðardóttir, í síma 5400 100
Umsóknir skal senda á sigrun@rafis.is

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Hvetjum öll áhugasöm til þess að sækja um,
óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til 9. mars nk.

VERKEFNASTJÓRI

Öryggi og heilsa á Suðurlandi

Verkefnastjóri öryggis-, heilsu- og umhverfismála hefur umsjón með og leiðir samræmingu málaflökkanna við byggingu Hvammsvirkjunar. Viðkomandi mun vinna náið með framkvæmdateymi, verktökum og öðrum hagaðilum við að innleiða öfluga öryggismenningu á verkstað. Verkefnastjóri fylgir eftir öryggis-, heilsu og umhverfismálum á verkstað og hefur yfirsýn yfir stöðu þeirra ásamt því að miðla upplýsingum og sér til þess að innri og ytri kröfum sé fylgt.

Menntun og hæfni:

- Háskóla- eða iðnmenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla af umsjón öryggis-, heilsu- og umhverfismála í framkvæmdum
- Leiðtogaþæfni, lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Drifkraftur, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð færni í að koma fram og miðla efni á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/storf



SUNNUDAGINN 2. MARS

ÆSKULÝÐS MESSA

KL. 11.00 Í SELFOSSKIRKJU

Í tilefni æskulýðsdagsins verður æskulýðsmessa í Selfosskirkju. Unglingakórinn syngur, krakkar sýna brúðuleikrit og við fáum innsýn í barnastarfið í léttri og skemmtilegri fjölskyldumessu.

Súpa að hætti Renuka til styrktar unglíngakórsins eftir messuna

- Verð:
- 2000 kr. fyrir fullorðna
- 1000 kr. fyrir börn

SELFOSSKIRKJA.IS

Anna Metta með brons í þrístökki

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum, aðalhluti, var haldið í Laugardalshöll helgina 22.-23. febrúar sl. Þrír keppendur frjálssíþróttadeildar Selfoss tóku þátt. Hin unga og efni-lega Anna Metta Óskarsdóttir vann bronsverðlaun í þrístökki með 11,33 m löngu stökki þrátt fyrir að vera einungis 14 ára gömul. Hún er nýbúin að setja Íslandsmet í flokki 15 ára þegar hún stökk 11,59 m. Auk þessa keppti Anna Metta í langstökki og stökk hún 5,25 m og endaði í 7. sæti. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson keppti í kúluvarpi og varpaði hann 7,26 kg kúlunni 12,64 m og náði 5. sæti; hann var 40cm frá HSK-meti Magnúsar Arons Hallgrímssonar frá 1993. Hugrún Birna Hjaltadóttir stökk 4,97m í langstökki og náði 9. sæti auk þess sem hún hljóp 200 m á 28,06 sek.



Ítrekuð skemmdarverk í sama hverfi í Þorlákshöfn



Íbúar í Þorlákshöfn eru orðnir þreyttir á ítrekuðum skemmdarverkum á bifreiðum í bæjar-

félaginu. Öll skemmdarverkin hafa verið framin í sama hverfi-Sambyggð. Umræður hafa skap-

ast um verknaðinn á íbúasíðu bæjarfélagsins á Facebook. Fólk er að lenda í því að númeraplötur séu teknar af bílum og brotnar í tvennt, armar á bílum eru brotnir, rúðurþurrkum stolið og einn tekur fram að búið hafi verið að losa alla bolta á framdekki á bílunum hans og segir hann heppilegt að ekki hafi farið illa. Lögreglunni hefur verið gert viðvart um málið en íbúar óttast að verknaðurinn haldi áfram sé ekkert gert.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjarsvæðis vegna íþróttahúss



Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 13. febrúar 2025 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi miðbæjarsvæðis í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillagan nær til samfélagsþjónustusvæðis S6 þar sem grunnskóla, íþróttahús, hús gamla Mjólkurbúsins og Skátaheimilis er að finna. Markmið breytingarinnar er að stækka heimild til byggingar nýs íþróttasalar til þess að rúma einnig fimleikaaðstöðu. Hús gamla kaupfélagsins sem hýsir fagkennslustofur, þangað til grunnskóli er fullbyggður, er víkjandi í deiliskipulaginu og er lóð Breiðumerkur 24 sameinuð lóð íþróttahússins. Tilfærsla verður á lóðamörkum innan reitar, tilfærsla á lausri kennslustofu, tilfærsla á lögnum og kvöð sett um lagnaleiðir. Breyting verður á hámarkshæð útveggjar salarins til vesturs sem og hámarkshæð salar. Byggingareitur aðkomubyggingar er lengdur meðfram vesturhlíð íþróttasalar til að milda ásynd íþróttahússins frá miðbæ og nærliggjandi lóðum. Breytingar verða á þegar samþykktu fyrirkomulagi og fjölda bílastæða. Nýtingarhlutfall verður óbreytt 0,6 á reitnum í samræmi við skilmála aðal- skipulags.

Tillagan er aðgengileg á Skipulagsgátt undir mál- snúmeri 186/2025, liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 sem og á heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Pau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd með um- sögn á Skipulagsgátt, í síðasta lagi 28. mars 2025.

Allar fyrirspurnir skulu berast á netfangið hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Skattafróðleikur KPMG á Selfossi



Þau Lilja Dögg Karlsdóttir og Friðrik Einarsson fara fyrir skrifstofu KPMG á Selfossi þar sem starfar hópur reynslumikils starfsfólks. Rætt var við þau um væntanlegan fund um skattamál sem er á döfinni á næstunni og ber heitið Skattafróðleikur KPMG.

„Við erum að undirbúa fund um skattafróðleik sem verður haldinn á Hótel Selfossi fimmtudaginn 27. febrúar næstkomandi kl. 16:00. Þar verður farið yfir helstu breytingar á skattalögum sem hafa átt sér stað nýlega. Þar gefst því gott tækifæri fyrir fólk til að fá inn- sýn í breytingar í skattamálum sem áttu sér stað um áramót og hvernig þær geta haft áhrif á rekstur þeirra og persónu- leg fjármál. Á fundinum verða sérfræðingar okkar hjá KPMG



Law og munu þau einnig fara yfir ákveðin málefni sem teng- ast erfðamálum og kynslóða- skiptum fyrirtækja og einnig skattlagningu íþróttafélaga,“ segir Lilja Dögg endurskoðandi sem hefur starfað hjá KPMG frá árinu 2000 og hefur víð- tæka reynslu af fjármálaþjón- ustu við fyrirtæki og opinbera aðila. Hún er frá Keflavík og er með starfsstöðvar á Selfossi og Reykjanesbæ.

Friðrik er líka endurskoð- andi og hefur starfað á skrif- stofu KPMG á Selfossi um árabil og er einn helsti sér- fræðingur KPMG í rafrænum lausnum og sjálfvirkni. Hann bendir á að það verði fleiri áhugaverð erindi á fundinum: „Í umfjölluninni um kynslóða- skipti fyrirtækja verður áhersl- an á fjölskyldufyrirtæki sem

mögulega eru farin að huga að sölu eða tilfærslu á milli ættliða. Slík málefni geta verið flókin í framkvæmd og kalla á góðan undirbúning og sérfræðipæk- ingu. Við ætlum að fara yfir þær leiðir sem standa til boða til að tryggja að kynslóðaskiptin gangi vel fyrir sig og minnki líkur á að ekki komi í ljós ann- markar síðar meir. Þar að auki verður áhugaverð umfjöllun um ný tilmæli frá Skattinum til íþróttafélaga um breytingar á skattlagningu launagreiðslna. Þetta er stórt mál sem getur haft mikil áhrif á rekstur félaganna og við munum útskýra helstu áhrif þessara tilmæla,“ segir Friðrik.

Þau bjóða öll áhugasöm vel- komin á fundinn á Hótel Sel- fossi og það verði boðið upp á kaffi og meðlæti. „Það er gott að vera vel upplýst um nýjustu breytingar í skattamálum því það eru málefni sem verða okkur öll. Við hvetjum öll sem hafa áhuga á skattamálum til að mæta og taka þátt í umræðunni. Viðburðir sem þessir geta verið mjög gagnlegir til að byggja upp tengslanet og fá nýjar hug- myndir og sjónarhorn,“ segja þau Lilja Dögg og Friðrik að lokum.

Kennarar gengu út í áfalli

Kennarar í öllum grunnskólum á Selfossi og á Eyra- bakka og Stokkseyri gengu út í hádeginu sl. föstudag eftir að Samband íslenskra sveitarfélaga hafnaði klukkan 11:59 innan- hússtillögu ríkissáttasemjara í deilu kennara við hið opinbera. Páll Sveinsson skólastjóri Vallaskóla segir kennara hafa verið í áfalli og treystu sér ekki til að halda úti kennslu restina af deginum. „Við þurftum að senda nemendur í 5. til 10. bekk heim og óskuðum eftir því að foreldrar barna í 1. til 4. bekk komi og sækji börnin sín. Við gátum ekki brugðist öðruvísi við með svona stuttum fyrirvara. Bara algjört neyðarástand.“ „Við ætluðum ekki að trúa því þegar þetta gerðist í hádeg- inu,“ segir Páll um ákvörðun

Sambands íslenskra sveitar- félaga að hafna innanhússtillög- unni. Hann segist ekkert vita um hvernig framhaldið verði en að þetta sé mikill skellur. „Það er búið að ganga frá öllu samkvæmt okkar upplýsingum nema það standa þessi nokkur atriði í stjórn sveitarfélaganna,“ tekur Páll fram og segir algjöran trúnaðarrest vera á milli Kenn- arasambandsins á landinu og Sambands íslenskra sveitar- félaga. „Nú er boltinn hjá þeim af því ábyrgðin er algjörlega þar og bara gangi þeim vel að koma með einhverjar tillögur sem geta brúað þetta gríðarlega vantraust, og ekki bara gjá heldur haf, sem er orðið á milli viðsemjenda núna eftir þetta. Algjör mis- gjörningur. Ábyrgðin er full-

komlega hjá sveitarfélögunum.“ „Kennarar voru búnir að samþykkja þetta. Ég sendi út bréf núna á bæjarfulltrúa þar sem ég óska eftir því að þeir gangi fram fyrir skjöldu og taki ábyrgð á stöðunni og leggi sitt á vogarskálarnar að aðstoða við að leysa þessa deilu strax,“ segir Páll að lokum. Kennarar mættu flestir aftur til vinnu á mánudag og sagði Páll í samtali við mbl.is að hann hafi ekki fengið upsagnir frá kennurum en að tveir hafi rætt við hann og verið að velta hlutunum fyrir sér. Hann sagði einnig að kennarar hafi hyggst hafna því að taka að sér for- fallakennslu. Slíkt getur haft gríðarleg áhrif á kennslu því á hverjum degi þarf kennara í for- fallakennslu en engum er skylt

að taka hana. Undanfarna daga hefur mik- ill fjöldi kennara sett stöðuupp- færslu á Facebook þar sem þeir leita að nýjum starfsvett- vangi. Færslunni fylgir helstu

styrkleikar og hæfni kennara. Fyrir mörgum er þetta eingöngu gjörningur til að vekja athygli á ástandinu en fyrir öðrum er ein- hver alvara í færslunni.



VÉLSTJÓRN OG VIÐHALD

Kuldaboli ehf. leitar að starfsmanni til þess að sinna vélgæslu og viðhaldi á vélum og tækjum félagsins í Þorlákshöfn. Reynsla og kunnátta á frystivélum er æskileg. Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á kuldaboli@kuldaboli.is fyrir 17. mars 2025.



KULDABOLI

Kuldaboli rekur frystigeymslu, ísverksmiðju og löndunarþjónustu fyrir skip og báta. Fastir starfsmenn eru sjö.

REKSTRARSTJÓRI

Verk að vinna á Þjórsársvæði

Nú fer í hönd mikið framkvæmdatímabil á stærsta starfssvæði Landsvirkjunar. Við óskum eftir að ráða rekstrarstjóra á Þjórsársvæði sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofu-, starfsmanna- og íbúðarhúsnæðis á svæðinu.

Rekstrarstjóri annast undirbúning rekstrar- og framkvæmdaáætlana og ber ábyrgð á samningagerð og eftirliti með kostnaði vegna húsnæðisins. Einnig felst í starfinu umsjón með þjónustu sem snýr að starfsfólki á svæðinu; svo sem fræðslu, mötuneyti, gistingu og samgöngum. Við óskum eftir leiðtoga sem vill starfa á framsæknum vinnustað og styðja við metnaðarfullt starfsumhverfi.

Hæfni:

- háskólanám sem nýtist í starfi, svo sem á sviði viðskiptafræði, rekstrarfræði eða verkfræði
- leiðtogafærni, reynsla af stjórnun, rekstri og uppbyggingu teyma
- framúrskarandi samskiptafærni
- umbótahugsun, jákvæðni og framsýni

Umsóknarfrestur er til og með 6. mars

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/storf



Eyrbakki jarðhæð

Til sölu eða leigu á hagvæmu verði er fyrrum húsnæði símsstöðvarinnar á Eyrbakka.

Húsnæðið að Eyrargötu 44 er 31,7m². Þrjú aðskilin herbergi sem hægt er að sameina.

Þvottahús, snyrting, anddyri og bílastæði fylgir húsnæðinu aukalega.

Heimilt er að breyta rými í ósamþykkt íbúð.

Áhugasamir hafi samband gudjon@art.is eða í síma 895 3700.



Úthlutun orlofshúsa Bárunnar, stéttarfélags fyrir sumarið 2025

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins í Þórisstöðum 1 og 2, við Þverlág 2, 4 og 6 á Flúðum, í Kiðárskógi 10 í Húsafelli (skiptibústaður) og íbúð á Akureyri Ásatún 12 til leigu sumarið 2025 fyrir félagsmenn.

Umsóknafréttur er frá 26. febrúar til 10. mars nk.

Sótt er um á Félagsvef Bárunnar, hægt er að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins að Austurvegi 56, 800 Selfoss.

Allir félagsmenn geta sótt um, það er eingöngu punktastaða umsækjenda sem ræður niðurstöðu úthlutunar.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 13. mars nk.

Greiðslufrestur er til 20. mars kl.10:00 eftir að úthlutað verður.

20. mars klukkan 11:00 verða ógreiddar og óúthlutaðar vikur opnar á Félagsvefnum og gildir þá „fyrstur kemur fyrstur fær“.

Öllum umsóknum verður svarað.

Vikuleigan á Flúðum, Þórisstöðum og Kiðárskógi í Húsafelli er frá fimmtudegi til fimmtudagss.

Vikuleigan á Akureyri er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Íbúðirnar í Sóltúni 28, Rvk. og Borgartúni 24a, verða ekki úthlutað heldur verða í sveigjanlegri leigu eins ávallt.

Tímabilin eru:

Þverlág 2, 4 og 6, Þórisstaðir 1 og 2, Kiðárskógi 10 í Húsafelli – frá 29.05.2025 - 28.08.2025

Akureyri, Ásatún 12 – frá 28.05.2025 – 27.08.2025.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss – sími 480 5000
baran@baran.is - <https://www.baran.is>

Nashville Nights á Suðurlandi

Dagana 27. og 28. febrúar verður Nashville Nights haldið í annað sinn á Suðurlandi. Viðburðurinn verður haldinn í Midgard Base Camp á Hvolsvelli og á Sviðinu á Selfossi. Nashville Nights er einstök tónlistarupplifun þar sem fram koma þrír söngvarar og lagahöfundar frá Nashville ásamt íslensku tónlistarkonunum Önnu og Friðu Hansen í svokölluðum „Writers Rounds“.

Nashville eða „Music city“, eins og borgin er kölluð, er einna þekktust fyrir að vera höfuðborg kántrítónlistarinnar. Meirihluti íbúanna þar eru lagahöfundar og söngvarar, sem margir hverjir semja smelli fyrir og með stórstjörnum, og semja lögin sem fara á flug um netheima og samfélagsmiðla.

Á hverjum degi flykkist fólk hvaðanæva að úr heiminum til Nashville til að upplifa ekta „Writers rounds“ á stöðum á borð við The Bluebird Cafe, 3rd & Lindsley, The Listening Room og The Local, og nú er

röðin komin að Midgard Base Camp á Hvolsvelli og Sviðinu Selfossi. „Writers rounds“ eru tónleikar, þar sem listamennirnir skiptast á að spila lögin sín, ásamt því að veita áhorfendum innsýn í það hvernig lögin urðu til og ferlið sem þarf til að þau nái eyrum fólks um allan heim.

Þetta er fléttað inn í frábæran flutning atvinnusöngvara og lagahöfundar í einstakri tónlistarveislu, í ekta Nashville-stíl.

Ekki láta þennan einstaka viðburð framhjá þér fara!

Ljósmyndir: Jóhann Þór Línberg Kristjánsson.



SUNGIÐ Í 60 ÁR

KARLAKÓR SELFOSS

ásamt Karlaþór Reykjavíkur og Lúðrasveit Þorlákshafnar

AFMÆLISTÓNLEIKAR

Laugardaginn 1. mars kl. 16
í sal Sunnulaekjarskóla á Selfossi

Forsala aðgöngumiða fer fram í verslun Karls úrsmíðs, Eyravegi 38 til kl. 18 á föstudag.

20% afsláttur af öllum vörum fylgir miðakaupum

Aðgangseyrir kr. 5000,-
Miðasala við innganginn

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi til-laga deiliskipulags:

Stóra-Hraun L215785 - Deiliskipulag - 2410015

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 19. febrúar 2025, tillögu að nýju deili-skipulagi fyrir nýtt öryggisfangelsi á Stóra-Hrauni L215785, nærri Eyrar-bakka í Árborg. Stóra-Hraun er landspilda um 250 ha að stærð, sem liggur í og við gatnamót að Eyrarbakka og Stokkseyri, og upp með Eyrarbakka-veg, og er áætlað að nýta hluta landsins undir nýtt öryggisfangelsi. Bygging í fyrsta áfanga mun skapa rými fyrir vistun allt að 100 fanga, með stækkunar-möguleikum upp í 128 fanga. Í vinnslu er breyting á gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, þar sem gert er ráð fyrir um 114 ha svæði undir nýtt öryggisfangelsi.

Markmið tillögunnar er:

- Að afmarka svæði fyrir nýtt öryggisfangelsi á landi Stóra Hrauns í sveitar-félaginu Árborg sem skilgreint er í aðalskipulagi undir samfélagsþjónustu.
- Að byggingar í fyrsta áfanga mun hýsa 100 fanga með stækkunarmögu-leikum upp í 128 fanga. - Að skapa vel útfærða og samhangandi mann-virkjaheild með sterkum tengingum sem tryggja hagkvæmni og öryggi í daglegum rekstri. - Að raska landi sem minnst vegna hárrar grunnvatns-töðu og nýta það sem gæði innan svæðisins fremur en ógn. - Að tryggja vel skilgreint og aðgreint aðkomuflæði fyrir gesti, starfsfólk, fanga og aðföng.
- Að fangelsið falli vel inn í umhverfið og ásýnd fangelsisveggja minnkuð eins og kostur er með góðri vinnu í mótun lands og gróðurs í kringum fang-elsið. - Að form bygginga og girðinga brjóti niður vind þannig að gott sé að ferðast að og innan fangelsis. - Að ný mannvirki skapi fjölbreytt og að-

laðandi útirými og stuðli jafnframt að auðveldari aðgreiningu fanga eftir þörfum.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipu-lagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is

Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 27. febrúar 2025, til og með 10. apríl 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulags-stofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Ennig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulags-fulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipu-lag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi



UPPLÝSINGAFULLTRÚI NÝFRAMKVÆMDA

Framkvæmdagleði og upplýsingagjöf!

Upplýsingafulltrúi nýframkvæmda heyrir undir öflugt teymi samskipta og upplýsinga-miðlunar. Viðkomandi ber ábyrgð á ytri samskiptamiðlun nýframkvæmdaverkefna, ásamt því að vera aðaltengiliður við nærsamfélagið á verk tíma virkjanafamkvæmda í Hvammi og við Vaðöldu. Starfið er lifandi og krefjandi og felst meðal annars í því að skipuleggja og taka á móti heimsóknum á verkstað, sjá um vefsíður nýframkvæmda, afla efnis og miðla því á samfélagsmiðlum, sjá um samskipti við fjölmiðla, verkefnastýra viðburðum og vera megintengiliður við nærsamfélagið.

Menntun og hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð tök á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Góð þekking á og reynsla af nútímamiðlun, bæði á vef- og samfélagsmiðlum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 10.mars

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar landsvirkjun.is/storf

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
 Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
 s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
 Sími 693 2197
 ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttáfræðum,
 nálastungur, yoga,
 NLP-master/coach,
 heilsunuddari,
 Hugræn atferlismeðferð,
 meta medicine.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
 27. febrúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 27. febrúar kl. 14:45

DAGSKRÁ Í UMSKÓN
STJÓRNAR FEBSEL

Kaffi 200 kr.
 Kaffi og kökur 1500 kr.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14

Opið hús

Þriðjud. kl. 14-16

Unga fólk 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14

Opið hús

Fimmtudaga kl. 11-14

Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14

Opið hús

Hægt er að panta viðtöl í
 annan tíma ef þessir tíma
 henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
 Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
 Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
 Þrið. kl. 19 - AA konufundur
 Mið. kl. 19:30 - AA fundur
 Fim. kl. 20 - AA karlafundur
 Fös. kl. 20:30 - AA fundur
 Lau. kl. 21 - AA opin fundur
 Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
 AA Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
 Poniedzialek i czwartek i sobota
 godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
 Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
 Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
 Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
 borða? OA 12 spora fundir
 Overeaters anonymous alla
 þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
 Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
 Hrísholti 8, Selfossi.
 Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
 Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
 Þorlákshöfn
 Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
 Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
 hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

KIRKJA

Selfosskirkja

Í tilefni æskulýðsdagsins verður
 æskulýðsmessa í Selfosskirkju
 kl. 11:00. Unglingakórinn syngur,
 krakkar sýna brúðleikrit og
 við fáum innsýn í barnastarfið í
 léttari og skemmtilegri fjölskyldu-
 messu. Umsjón með stundinni
 hafa Guðbjörg, Sjöfn og Edit
 ásamt leiðtogum. Unglingakórinn
 verður með fjáröflun eftir messu-
 na og selur súpu og köku, 2000
 kr. fyrir fullorðna og 1000 kr. fyrir
 börn.

Kyrrðarbæn þriðjudaga kl.
 12:00 og morgunbæn miðvikudaga
 kl. 10:00.

Krítasálmur miðvikudaga kl.
 10:30, foreldrasamvera kl.
 11:00.

Minum á þriðjudagssam-
 veru þriðjudaginn 4. mars kl.
 14:00. Gestur að þessu sinni er
 Theódór Francis Birgisson félags-
 lagsráðgjafi.

Hveragerðiskirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 2.
 mars kl. 20. Prestur sr. Solveig
 Lára Guðmundsdóttir settur hér-
 aðsprestur. Félagar úr kirkju-
 kórnum leiða sönginn. Organisti
 er Miklós Dalmay. Verið öll hjart-
 anlega velkomin!

Skálholtsdómkirkja

Fjölskyldugæðsþjónusta á
 Æskulýðsdegi kirkjunnar 2. mars
 kl. 11. Sr. Kristín Þórunn, Berg-
 þóra djákni og Jón organisti
 þjóna. Kirkjukaffi á eftir, innilega
 velkomin.

Laugarvatn

Kaffihúsamessa í Hlöðunni, Eyv-
 indartungu við Laugarvatn 2.
 mars kl. 16. Fermingarbörnin
 þjóna ásamt presti, djákna og
 organista. Léttar veitingar á eftir,
 innilega velkomin.

Mosfellskirkja

Föstumessa og ihugun á ösku-
 dag, 5. mars, kl. 19:30. Stutt
 helgistund í umsjón sr. Kristínar
 sóknarprests og ihugun dr. Jóns
 Ásgeirs Sigurvinssonar um iðrun
 og ösku í Gamla testamentinu.
 Kirkjukaffi á prestssetrinu eftir
 stundina. Innilega velkomin.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffið næsta
 laugardag, 1. mars, kl. 11
 á Eyraveginum hjá
 Framsókn. Sérstakur
 gestur verður Halla
 Hrund Logadóttir.



Hafðu samband
 og fáðu tilboð í
 auglýsingar í blaðið
 og á vefinn.

Sími 482 1944
 auglysingar@dfs.is



NOVO strengjakvartettinn í Skálholti

NOVO strengjakvartettinn
 heldur tónleika í Skálholts-
 dómkirkju laugardaginn 1. mars
 kl. 16.00.

Kvartettinn, sem er danskur og
 pólskur, er margverðlaunaður
 og mjög eftirsóttur í Danmörku.
 Þau munu flytja verk eftir Beet-
 hoven og Bacewicz á tónleik-
 unum í Skálholtsdómkirkju.

Það sem einkennir NOVO
 kvartettinn eru djúp vináttu-
 tengsl meðlima á milli. Gagn-
 kvæm virðing og umhyggja fyr-
 ir samstarfsaðilum birtist skýrt í
 listrænni sýn kvartettsins og er
 greinanleg í flutningi og sviðs-
 framkomu þeirra, sem og djúp
 virðing fyrir þeirri tónlist sem
 kvartettinn tekur að sér að flytja.

Um tónleikana í Skálholti
 segir NOVO kvartettinn:

„Í kvartettinum okkar fögn-
 um við fjölbreyttum bakgrunni
 okkar frá Danmörku og Pól-
 landi. Á tónleikum okkar vorið
 2025 ætlum við að heiðra rætur
 pólska víóluleikarans okkar. Við
 höfum valið verk eftir Bace-
 wicz, sem er magnað kventón-
 skáld, en verk hennar eiga skilið
 meiri viðurkenningu. Samhliða
 verki hennar munum við gleðja
 áheyrendur með tímalausum
 kvartett eftir Beethoven sem
 tryggir blöndu af hefð og ný-
 sköpun í efnisskránni. Okkur
 hefur lengi dreymt um að heim-
 sækja Ísland, og við hlökkum
 mikið til að spila í Skálholti.“

Tónleikarnir eru ókeypis en
 tekið er á móti frjálsum fram-
 lögum í flygilsjóð Skálholts-
 dómkirkju.

Sjóðurinn góði þakkar fyrir sig

Sjóðurinn góði var stofnaður
 2008 í kjölfar bankahrunsins.
 Sjóðurinn er samstarfverkefni
 Rauða krossins, félagsþjónust-
 unnar í sveitarfélögum í Árnes-
 sýslu, kirkjusókna í Árnessýslu,
 Hjálparstarfs kirkjunnar, ýmissa
 kvenfélaga og Lionsklúbba.

Hlutverk sjóðsins góða er
 að styrkja einstaklinga og fjöl-
 skyldur sem standa höllum fæti
 og eiga ekki fyrir nauðurfurðum
 fyrir jólna og einnig á vormán-
 uðum fyrir fermingar. Starfshóp
 skipa fulltrúar áður nefndra aðila
 sem sjá um að skipuleggja um-
 sóknarferlið og annast úthlutun.
 Stuðst er við viðmið Hjálpar-
 stofnunar kirkjunnar varðandi

mat á umsóknum. Fyrir jólna
 2024 bárust 284 umsóknir og út-
 hlutað var úr Sjóðnum fyrir um
 13.000.000 kr..

„Úthlutunin og aðstoðin væri
 ekki möguleg nema vegna allra
 þeirra gjafa sem berast Sjóðnum
 góða frá einstaklingum, félaga-
 samtökum, stofnunum og versl-
 unum bæði í formi peninga og
 jógagjafa. Sjóðurinn góði færir
 öllum þeim sem með einum eða
 öðrum hætti hafa styrkt hann
 hugheilar þakkar fyrir. Án ykkar
 stuðnings væri ekki mögulegt að
 halda úti svo öflugri samfélags-
 aðstoð,“ segir í tilkynningu frá
 Sjóðnum góða.



Guðbjörg Arnardóttir sóknarprestur Arborgarprestakalls með Oddfellow-
 konum sem gáfu í Sjóðinn.



Meðlimir hljómsveitarinnar Slysh héldu tónleika til styrktar Sjóðsins góða.
 Hér er hluti hópsins með Ninnu Sif Svavarsdóttur sóknarpresti Hveragerði-
 sprestakalls.

VR-félagar, nýtið atkvæðisréttinn!

Fyrir tæpum áratug síðan stóð félagsfólk í Verslunarmannafélagi Suðurlands frammi fyrir mikilvægri ákvörðun, það er að segja hvort félagið ætti sameinast öðru félagi og var þá horft til VR eða Bárunnar á Selfossi. Þá þegar höfðu nokkrar sameiningar verslunarmannafélaga gengið í gegn og heppnast ágætlega. Með stærðinni mátti efla þjónustuna og einnig byggja upp öflugri sjúkrasjóð, en víða þrengdi að þeim í kjölfar hrunsins.

Sameiningar sem innibera annars vegar landsbyggðareiningar og hins vegar höfuðborgarsvæðið geta þó verið áhættusamar, enda verða hagsmunir

höfuðborgarinnar stundum fyrirferðamiklir. Sameining VMS og VR hefur þó almennt þótt lukkast vel og skipti þar sköpum sú ákvörðun að á Selfossi yrði eftir sem áður starfrækt skrifstofa VR. Það samfélag stéttarféлага sem hefur myndast við Austurveg 56 er kröftugt og þar geta félögin sótt styrk hvert til annars í því mikilvæga verkefni að standa vörð um hagsmuni og réttindi launafólks á Suðurlandi. Það er víðfeðmt verkefni, í orðsins fyllstu merkingu, en félagssvæði VR á svæðinu nær allt frá Lómagnúpi að Herðisárvík og svo upp í Kerlingarfjöll. Gangi sameining VR og Leiðsagnar eftir verður verksvið VR

enn víðtækara á svæðinu, enda ferðaþjónustan gróskumikil allt frá Vestmannaeyjum og upp á hálendi.

Formaður allra VR félaga

Mér er mikið í mun að vera formaður allra VR-félaga og horfi ég þar meðal annars til hins stóra félagssvæðis VR og þeirra ólíku aðstæðna sem fólk býr við í mismunandi landshlutum. Ég hef þegar átt góðan fund með deild VR á Suðurlandi til að setja mig inn í stöðu atvinnumála á svæðinu. Ég legg áherslu á að viðhalda öflugri þjónustu VR á svæðinu, en einnig að formaður láti sig staðbundin mál sem tengjast kjörum félagsfólks

varða. Ég stefni á að hafa reglubundna viðveru á Selfossi og að heimsækja vinnustaði VR félaga á Suðurlandi. Enn fremur stendur fyrir dyrum viðamikil skipulagsvinna í VR þar sem fjallað verður um eðli og umfang deilda félagsins, meðal annars hvort deildaskipting eftir landsvæðum eða starfsgreinum sé æskilegri. Mikilvægt er að tryggja að sjónarmið vinnandi fólks á Suðurlandi séu til hliðsjónar við alla umræðu og ákvarðanatöku.

Framundan eru kosningar í VR og óska ég eftir umboði til að leiða félagið áfram, en ég tók við stjórnartaumunum þegar forveri minn tók sæti á Alþingi laust fyrir áramót. VR er stærsta

Halla Gunnarsdóttir
formaður VR.



og öflugasta stéttarfélag landsins og er eitt féлага sem kys sér forystu með beinni persónukosningu. Ég hvet VR-félaga á Suðurlandi til að nýta kosningarétt sinn í félaginu og kjósa bæði formann og stjórnarfólk. Raf-rænar kosningar fara fram 6. til 13. mars nk.

Allar nánari upplýsingar má finna á vef VR, vr.is, og á minni síðu, halla.is.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Stóra-Ármót L166274; Stækkun íbúðarbyggðar; Aðalskipulagsbreyting - 2408030**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar 2025 að auglýsa aðalskipulagsbreytingu vegna aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029. Svæðið sem breytingin nær til er úr landi Stóra-Ármóts L166274. Áætlað er að stækka 9 ha íbúðarbyggð um 4 ha og fjölga lóðum úr 7 í 10, um 1,3 ha hver lóð. Svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggðarsvæði ÍB4 í gildandi aðalskipulagi. Landbúnaðarland minnkar sem nemur breytingunni. Nýtt deiliskipulag er auglýst samhliða breytingu aðalskipulags.
- Böðmódsstaðir; Bjarkarhöfði L167731; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2405092**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2025, breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar á landi Bjarkarhöfða til auglýsingar. Í breytingunni felst að frístundasvæði breytist í landbúnaðarsvæði í takt við skráningu landsins í lögbýlaskrá.
- Holtamannafréttur; Búðarháls; Skilgreining efnistökusvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2405016**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar 2025 að auglýsa breytingu aðalskipulags sem tekur til efnistökusvæðis á austanverðum Búðarhálsi, milli Tungnaár og vegarins að Sporðöldustíflu. Efnistökusvæðið er á gildandi deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar, merkt E8. Stærð námu verði 2,3 ha og heimiluð efnistaka allt að 49.000 m³.
- Reykir L166491; Breytt landnotkun, skógrækt í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2311057**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2025 breytingar á aðalskipulagi er varðar hluta skógræktarsvæðis í landi Reykja L166491 til auglýsingar. Í breytingunni felst að um 6 ha hluti skógræktarsvæðis breytist í frístundasvæði. Skipulagsstofnun lagði fram ábendingar og athugasemdir við tillöguna sem eru lagðar fram samhliða auglýsingu tillögunnar.
- Minna-Mosfell L168262; Breytt landnotkun; Náma; Aðalskipulagsbreyting - 2410017**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2025 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Minna-Mosfells. Með breytingunni er skilgreint efnistökusvæði innan lands Minna-Mosfells vegna efnistöku til eigin nota innan jarðarinnar, allt að 49.900 rúmmetra.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

- Lindarbær 2 L176386; Íbúðarhús, gestahús og skemma-útihús; Deiliskipulag - 2501082**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. febrúar 2025, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Lindarbæjar 2 L176386 í Ásahreppi. Jörðin hefur verið í eyði um árabíl og engar byggingar eru á henni. Markmið eigenda jarðarinnar er að byggja íbúðarhús, útihús og gestahús, vera með fasta búsetu og nýta jörðina. Í deiliskipulaginu felst að heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, vera með landbúnaðarstarfsemi og mannvirki fyrir

minniháttar ferðaþjónustu. Deiliskipulagið nær yfir 1 ha af jörðinni.

- Stóra-Ármót L166274; Ármótsflöt 10, 12 og 14; Íbúðarhúsarlóðir; Deiliskipulag - 2412031**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. janúar auglýsingu deiliskipulags sem tekur til um 4,5 ha landspildu úr landi Stóra-Ármóts L166274 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru þrjár nýjar íbúðarlóðir og byggingarreitir innan þeirra, Ármótsflöt 10, Ármótsflöt 12 og Ármótsflöt 14. Á lóðunum er heimilt að byggja íbúðarhús og hesthús/skemmu. Aðkoma að nýju lóðunum er af Hallandavegi 2 og um nýja aðkomuvegi. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi.
 - Reykir L166491; Frístundabyggð; Deiliskipulag - 2411063**
Sveitarfélag Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2025 að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Reykja L166491 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar verða fjórar frístundalóðir austast í landinu sem liggja að Sandlæk. Aðalskipulagsbreyting er lögð fram samhliða deiliskipulagstillögunni.
 - Minna-Mosfell L168262; Efnistökusvæði og landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag - 2412016**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. febrúar 2025 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Minna-Mosfells L168262. Í deiliskipulaginu felst skilgreining heimilda fyrir uppbyggingu á tveimur landbúnaðarlóðum auk þess sem efnistökusvæði er skilgreint í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem auglýst er samhliða deiliskipulagi þessu.
 - Minna-Mosfell L168262; Öldusteinstún - frístundabyggð; Deiliskipulag - 2410081**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. febrúar 2025 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Minna-Mosfells, hluta frístundasvæðis F82. Um er að ræða 1. áfanga af fjórum innan skipulagssvæðisins. Gert er ráð fyrir skilgreiningu á 21 lóð í fyrsta áfanga á bilinu 7.234 - 15.797 fm að stærð. Innan hvernar lóðar er gert ráð fyrir heimild fyrir frístundahúsi auk þess sem heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingareits og hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.
- Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna <https://www.asahreppur.is/>, <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.skeidgnup.is/>.
- Öll mál innan auglýsingar er skipulagsmál í auglýsingu frá 27. febrúar 2025 með athugasemdarfresti til og með 11. apríl 2025.
- Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.
- Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Vígfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



Sex í sveit í Árnesi

Leikdeild UMFG leggur þessa dagana lokahönd á undirbúning fyrir sýningar á hinu geysivinsæla leikverki Sex í sveit. Leikstjórn er í höndum Bjarkar Jakobsdóttur. Frumsýnt verður í Árnesi föstudagskvöldið 28. febrúar kl. 20:00. Verkið, sem er eftir Marc Camoletti í íslenskri þýðingu og staðfæringu Gísla Rúnars Jónssonar, er bráðskemmtilegur farsí sem gerist í íslenskum sumarbústað þar sem óvæntar uppákomur, flækjur og misskilningur valda ótal vandræðalegum – og hlægilegum – aðstæðum. Áhugaleikararnir sex geta vart beðið með að stíga á svið og tryggja áhorfendum kvöld fullt af hlátri og góðri stemningu.

Björk Jakobsdóttir er reyndur leikstjóri og leikkona sem hefur komið víða við í leikhúsinu. Hún hefur leikstýrt fjölmörgum sýn-

ingum fyrir bæði börn og fullorðna og lagt sérstaka áherslu á að skapa líflega og kraftmikla sýningu sem höfðar til breiðs hóps áhorfenda. Með Björk við stýrið er tryggt að hláturinn verður aldrei langt undan.

Miðapantanir fara fram í gegnum netfang leikdeildarinnar: leikdeildumfg@gmail.com. Sýningardagar verða sem hér segir:

Föstudaginn 28. febrúar kl. 20
Sunnudaginn 2. mars kl. 20
Þriðjudaginn 4. mars kl. 20
Laugardaginn 8. mars kl. 20
Þriðjudaginn 11. mars kl. 20
Sýningin er styrkt af Uppbyggingsráði Suðurlands.

Leikdeildin hvetur alla til að láta sjá sig í Árnesi til að kitla hláturtaugarnar í góðum félagskap og sprúðlandi stemningu.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Stíflubjónusta
Sævars Selfossi
Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

LÖGGILTUR
HÚSAMÍÐAMEISTARI
NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR
S: 692-2575
800 SMÍÐI ehf.
KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS
Lagnamyndun
Rótahræinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

ALHLIÐA
BYGGINGA-
VERKTAKAR
848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN
GBHUSEHF@GMAIL.COM
GB HÚS
SÍMI: 848-0964

Ökukennsla
Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll
[Image of a car with people around it]

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRÁÐ AF
VINATTU!
Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

LAGNIR
ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyrenn.is

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Vítöskiptastjóri
GSM: 840 3009

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir
[Image of two workers in safety gear]
Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Far sem
fagmennirnir vinna
★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is